

ÁRSSKÝRSLA

20  
14



UMHVERFISSTOFNUN

# EFNI





36

## SAMBÆTTING OG EFTIR- FYLGNI

## HREINT LOFT OG TAKMÖRKUN GRÓÐURHÚSA- ÁHRIFA

12



16

## VERNDUN NÁTTÚRU OG LÍFFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNÍ

20

## HREINT HAF OG VATN



32

## GRÆNT SAMFÉLAG



24


## HEILNÆMT UMHVERFI

28

## SJÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA

## LEIÐANDI STOFNUN

40



VERNDUM OG ÞJÓNUM

SÍÐA 4

HÆFNIGREINING STARFA

SÍÐA 7

MIKILL ÁRANGUR Á MILLI ÁRA

SÍÐA 8

REKSTUR Í JAFNVÆGI

SÍÐA 10



## UM OKKUR

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

© UMHVERFISSTOFNUN 2015

Ritstjóri: Guðfinnur Sigurvinsson

Ljósmyndir: iStockPhoto.com

Hönnun og umbrot: Einar Guðmann

Ljósmynd á forsíðu: iStockPhoto.com

Útgáfunúmer: UST-2015:02

Apríl 2015

# VERNDUM OG ÞJÓNUM


Til framtíðar má búast við miklum vexti innan græna geirans á heimsvísu og þar þurfum við að vera í fararbroddi.

Meginverkefni Umhverfisstofnunar er að standa vörð um að við getum öll búið í heilnæmu og góðu umhverfi, byggja upp grænt samfélag, tryggja hreint loft og takmörkun gróðurhúsaáhrifa. Við vinnum að áframhaldandi hreinleika hafs og vatns og verndun náttúru og líffræðilegs fjölbreytileika. Til að ná árangri þurfum við aðkomu allra. Þess vegna er samvinna eitt af gildum stofnunarinnar. Við viljum vernda, fá aðra í lið með okkur og stór þáttur í að ná árangri er að veita afbragðs þjónustu. Við viljum veita góða þjónustu fyrir almenning, fyrirtæki og náttúruna sjálfa.

## Fyrirmynd

Myndir frá Gullfossi í vetur þar sem einn ferðalangur myndar spor á háskaslóð og aðrir fylgja minnir okkur á að við erum öll fyrirmyndir. Þeir sem sækja landið heim líta til heimamanna um hvernig eigi að haga sér hvað varðar umgengni við landið. Hvort sem það er almenn umgengni, að fylgja stígum, flokka sorp, virða reglur um akstur utan vega o.s.frv. Ef við sjálf fylgjum ekki settum reglum er nokkuð ljóst að þeir sem sækja landið heim og líta á okkur sem fyrirmyndir gera það ekki heldur.

Ég tel mikilvægt að Umhverfisstofnun sé til fyrirmyndar í öllu sínu. Grænn ríkisrekstur er dæmi um þetta. Við erum með ISO 14001 umhverfsvottun og IST 9001 gæðavottun og fögnuðum mjög þegar stýrihópur um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur setti á fót verkefnið Græn skref í ríkisrekstri




áð fyrirmynd Reykjavíkurborgar. Markmið verkefnisins er m.a. að gera starfsemi ríkisins umhverfsvænni, draga úr rekstrarkostnaði og auka vellíðan starfsmanna. Starfsmenn lögðu strax mikinn metnað í verkefnið og nú er Umhverfisstofnun fyrst allra stofnana ríkisins til að ná öllum fimm skrefunum.

## Aukning

Árið 2014 var ár stórra áskorana. Fjöldi ferðamanna sem sótti landið heim fór yfir eina miljón og eldgos í Holuhrauni setti hefðbundið starf stofnunarinnar úr skorðum. Gott utanumhald, skipulag, frábært starfsfólk og góðir samstarfsaðilar sáu þó til þess að vel gekk að vinna úr þessum verkefnum.

Almenn verkefni stofnunarinnar biða ekki þrátt fyrir nýjar áskoranir. Áhugavert er að sjá aukningu í fjölda mála á ákveðnum sviðum, t.d. jókst fjöldi greininga á EES-gerðum frá um 90 talsins árið 2012 í 164 á síðasta ári. Veruleg aukning hefur jafnframt orðið í fjölda umsagna um skipulagsáætlanir, úr um 120 árið 2012 í 185 á árinu 2014. Þrátt fyrir þessa aukningu hefur málshraði stórbatnað síðustu árin. Jafnframt voru gefin út um 12.000 veiðikort, 75 tímabundnar skráningar um plöntuvarnarefni, 25 tilkynningar um flutning úrgangs milli landa voru afgreiddar og 39 CITES-leyfi. Heildarfjöldi nýrra mála í málaskrárkerfi Umhverfisstofnunar hefur jafnframt aukist jafnt og þétt milli ára, voru



## Heildarfjöldi nýrra mála í málaskrárkerfi Umhverfisstofnunar hefur aukist jafnt og þétt milli ára. Álag hefur því aukist mjög á starfsfólk stofnunarinnar.

um 1700 nýskráð mál árið 2009, á árinu 2012 voru þau orðin um 2400 og á árinu 2014 um 2550 mál. Álag hefur því aukist mjög á starfsfólk stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun byggir á mannaúði sínum og skiptir það okkur miklu að hlúa að og rækta okkar fólk. Við höfum frá hruni verið í sífelldum verkefnum við að samræma og bæta okkar forgangsröðun, auka skilvirkni og bæta þjónustu og ekki má gleyma að bak við alla þessa vinnu er fólk sem leggur mikið á sig til að vinna vel að markmiðum stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun hefur gegnum árin safnað miklum upplýsingum um stöðu umhverfismála og aukast kröfur hérlendis og erlendis sífellt um auknar upplýsingar og meiri gæði. Það er ekki nóg að safna þessum upplýsingum heldur þarf að tryggja að þeim sé komið á framfæri tímanlega og á auðskiljanlegan hátt. Vil ég í því sem sambandi benda á nýja þjónustu á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [ust.is](http://ust.is), þar sem hægt er að sjá þróun í veiðum síðustu ára á myndrænan og skemmtilegan hátt. Þetta er framtíðin.

Umhverfisstofnun hefur síðastliðin ár gefið út svokallaðar rauðlistaskýrslur. Þróunin er sú að svæðum á rauðum lista fer fækkandi

en mörg appelsínugul svæði bætast við listann sem gefur til kynna að fleiri svæði nálgist hættumörk. Með átaki eins og „Ísland allt árið“ þarf jafnframt að tryggja landvörslu árið um kring. Veturinn 2014 til 2015 var einstaklega umhleypingasamur og mikil vinna að halda göngustígum opnum, sanda og lagfæra á okkar fjölförnustu ferðamannastöðum. Það er ekki nóg að auglýsa að Ísland sé opið allt árið, við þurfum líka að vera í stakk búin til að taka á móti þeim sem við bjóðum heim.

### Framsýni


Eftirlit með efnum í vörum og hlutum hefur tekið miklum breytingum síðastliðin ár. Við höfum verið að byggja upp til framtíðar þar sem áhersla er á fyrirsjáanleika og að skýrt sé til hvers sé ætlað af markaðnum. Okkur ber að tryggja almannaeill og öruggar neysluvörur en við erum í sífelldri sneringu við efni alla daga. Við viljum fræða en ekki hræða og koma góðum og gagnlegum upplýsingum til neytenda á aðgengilegan hátt.

Vinna samkvæmt lögum um stjórn vatnamála hefur tafist og er það mjög miður. Það skiptir miklu máli fyrir Ísland að hér á landi sé hægt að sýna fram á að ástand vatns sé gott. Það er ekki nóg að halda að ástand vatns sé gott á Íslandi, við verðum að

geta sýnt fram á það á sambærilegan hátt og nágrannaþjóðir okkar. Vinna í þessum málaflokki var komin vel á veg þegar fjármagn til hans féll niður að stórum hluta. Verkefnið var gott dæmi um samstarfsverkefni fjölda stofnana og atvinnulífs. Fyrir þinginu liggur frumvarp sem tryggja á fjármögnun til þessa málaflokks en gríðarlega mikilvægt er að sem fyrst verði skorið úr því hvernig hann verði fjármagnaður til framtíðar enda er það íslenskum hagsmunum til mikils skaða ef við getum ekki sýnt fram á ábyrga stjórnun vatnamála.

Við þurfum að horfa til framtíðar. Ísland hefur áunnið sér þá ímynd að vera grænt, hreint, skapandi og spennandi land. Við þurfum að halda áfram í þessa átt með því að byggja upp kerfi sem styður græna nýsköpun. Við viljum snjallt regluverk sem tryggir okkur heilnæmt umhverfi fyrir okkur og komandi kynslóðir og ýtir jafnframt undir nýsköpun og framþróun. Til framtíðar má búast við miklum vexti innan græna geirans á heimsvísu og þar þurfum við að vera í fararbroddi.

## Leiðandi stofnun



### Fagmennska

Við öflum bestu þekkingar og gagna og tökum ákvarðanir byggðar á þeim. Við leggjum áherslu á gegnsæi og rétt almenning til upplýsinga um öll okkar störf.

### Samvinna



Við nýtum styrkleika hvers annars og vinnum saman að úrlausn ólíkra verkefna. Við leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila.

### Framsýni

Við horfum til framtíðar og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála. Við erum leiðandi afl í samfélaginu með sjálfbæra þróun að markmiði í öllu okkar starfi.

### Virðing

Við berum umhyggju fyrir umhverfinu, erum stolt af þeirri ábyrgð sem samfélagið felur okkur og komum fram af heiðarleika og sanngirni.





## MANNAUÐSMÁL

# HÆFNIGREINING STARFA

Árlega eru lagðar áherslur til umbóta í mannauðsmálum stofnunarinnar.


Samkvæmt ársáætlun 2014 var stefnt að því að leggja áherslu á þrjú umbótaverkefni í mannauðsmálum. Í fyrsta lagi að endurskoða starfsmannastefnu stofnunarinnar enda brýnt að gera það í kjölfar skipulagsbreytinga sem urðu á árinu 2013, að endurskoða starfsgreiningu/starfslýsingar fyrir öll störf og ráðast í það verkefni að hæfnigreina störf en slíkt verkefni hafði ekki verið unnið áður hjá Umhverfisstofnun.

Starfsmannastefnan var endurskoðuð og færð í sama form og aðrar stefnur stofnunarinnar sem höfðu verið endurskoðaðar í kjölfar skipulagsbreytinga á árinu 2013. Endurskoðuð starfsmannastefna var samþykkt af yfirstjórn í apríl 2014.

Starfsmannasamtöl fóru fram á vormánuðum. Markmið stofnunarinnar er skv. árangursvísunum að 90% samtala sé lokið fyrir 1. maí ár hvert. Ánægjulegt er að greina frá því að það markmið náðist á árinu. Form starfsmannasamtala er endurskoðað árlega hjá stofnuninni, þar sem stjórnendur rýna í áherslur ársins og þá þætti sem mikilvægt er að draga fram. Eitt af þeim markmiðum sem sett voru fyrir starfsmannasamtöl ársins var að endurskoða starfslýsingar, einkum m.t.t. tilgangs og ábyrgðar í starfi, þannig að þessir þættir væru samræmdir, unnir á ámóta hátt hjá hverju sviði og að þau væru skýr öllum

starfsmönnum. Það markmið gekk eftir. Hæfnigreining starfa var eitt helsta umbótaverkefni ársins. Hún fólst í að greina hvaða hæfni er krafist hjá Umhverfisstofnun í störfum sérfræðinga, teymisstjóra og stjórnenda. Öllum starfsmönnum stóð til boða að taka þátt í greiningunni og var hún unnin í sex mismunandi samsettum rýnihópum. Afurð verkefnisins er hæfnilýsing fyrir sameiginlega hæfni hvers tegundar af starfi út frá líkani um almenna hæfni, faghæfni, starfs- og verkæfni, samskiptahæfni, persónulegum eiginleikum og vinnustaðahæfni. Verkefnið sjálft er grunnur fyrir starfsfólk og stjórnendur til að vinna með að einstaklingsmiðuðum starfsþróunaráætlunum. Nú verður unnt að byggja hæfnismat einstaklinga á hæfnigreiningu sem áætlað er að speglist yfir í starfsþróunaráætlanir. Afrakstur verkefnisins getur einnig nýst í fleiri mannauðsferla, s.s. þegar starf er auglýst. En hæfnimat hvers einstaklings er það verkefni sem nú er á dagskrá og unnið verður að á næstunni með hæfnigreiningu starfa sem skapalón.

FÉLAGSAÐILD STARFSMANNA



**Hæfnigreining starfa var eitt helsta umbótaverkefni ársins. Hún fólst í að greina hvaða hæfni er krafist hjá Umhverfisstofnun í störfum sérfræðinga, teymisstjóra og stjórnenda.**



# MIKILL ÁRANGUR MILLI ÁRA

Umhverfisstofnun er fyrsta stofnunin til að innleiða öll fimm skref Grænna skrefa stofnana ríkisins.


Umhverfisstofnun hefur verið með virkt umhverfisstjórnunarkerfi í fimm ár með það að markmiði að halda neikvæðum umhverfisáhrifum frá starfsemi sinni í lágmarki. Stofnunin leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Á árinu erum við sérstaklega ánægð með árangur okkar í minni pappírnotkun, áframhaldandi minnkun heildarúrgangs og innleiðingu fimm Grænna skrefa stofnana ríkisins.

Töluverður árangur náðist í að minnka pappírnotkun starfsfólks en hún dróst saman um 6% eða úr 21,83 kg á hvert stöðugildi árið 2013 niður í 20,49 kg/stöðugildi árið 2014. Þennan árangur má þakka innleiðingu nýrrar prentlausnar sem krefur á um að notendur fari að prentara til að staðfesta útprintun skjals. Áhrif þessa má einnig sjá í minni notkun á gæða pappír þar sem hún dróst saman um hálf tonn. Og nú voru eingöngu keypt fjögur prenthylki í ár en 23 á síðasta ári.

Ágætis árangur náðist í úrgangsmálum stofnunarinnar á árinu þar sem heildarmagn úrgangs frá Suðurlandsbraut 24 dróst saman um 978 kg samanborið við árið á undan. Magn úrgangs á hvert ársverk lækkar einnig um 12,9%.

Umhverfisstofnun hóf þátttöku í verkefninu Græn skref stofnana ríkisins

## ÚRGANGUR 2012-2014




sem fól í sér viðbót við aðgerðaáætlun umhverfisstjórnunarkerfisins. Farið var í fjölmargar aðgerðir sem miða að því að draga úr rafmagns- og vatnsnotkun. Settir voru upp miðar til að minna starfsfólk á að slökkva ljós, sendir voru tölvupóstar með áminningum um að slökkva á tölvum í lok dags, send voru heilræði um frágang í fundarherbergjum eftir fundi, slökkva á tölvum í lok dags, send voru heilræði um frágang í fundarherbergjum eftir fundi að slökkva á ljósum, loka gluggum og slökkva á skjávörpum. Stofnunin hefur nú fengið vottað og staðfest að hún hafi fyrst ríkisstofna innleitt öll fimm skrefin.



**Í ár náðist 100% árangur í útgáfu prentverka sem eru prentuð hjá svansvottuðum prentsmiðjum.**






## Farið var í fjölmargar aðgerðir sem miða að því að draga úr rafmagns- og vatnsnotkun hjá Umhverfisstofnun.

Í ár náðist loksins 100% árangur í útgáfu prentverka sem eru prentuð hjá svansvottuðum prentsmiðjum. Það er um 29% aukning þar sem 71% prentverka voru hjá umhverfismerktum prentþjónustum árið 2013.

Að lokum má nefna að áfram skal haldið við að ná niður losun á CO<sub>2</sub> útblæstri í starfsemi stofnunarinnar, þar sem notkun leigubíla jókst um 10 km á stöðugildi á milli ára. Einnig hefur orðið breyting á þeim visthæfu leigubílum sem eru í boði þar sem dregið hefur úr framboði á metanbílum hjá leigubílastöðvunum. Vistvænir bílar sem koma í staðinn eru með 120 g af CO<sub>2</sub> eða undir á hvern ekinn km. Þetta er mun meiri útblástur en með notkun metanbílar. Umhverfisráð hefur ákveðið að gera samgöngukönnun á meðal starfsmanna árið 2015 þar sem skoðaður verður samgöngumáti starfsmanna. Ætlunin er að auka notkun metanbíla stofnunarinnar.

Mikil áhersla er ávallt lögð á fræðsluþátt í umhverfisstarfinu. Markmiðið var að gangast fyrir fræðsluerindi á öðrum hverjum starfsmannafundi. Starfsfólk fékk fræðslu um flokkun úrgangs, útprentun og loks var verkefnið Græn skref stofnana kynnt. Þar sem umhverfismál eru okkar hjartans mál voru þau oft tekin fyrir á starfsmanna- og fræðslufundum þótt þau væru ekki að frumkvæði Umhverfisráðs. Erindi voru flutt um áhrif ferðamanna á náttúru Íslands, niðurstöður eftirlits með hárlit, mengun af völdum skipsstranda og kortlagningu hávaða á höfuðborgarsvæðinu svo eitthvað sé nefnt. Starfsfólk tók þátt í Nýtnivíkunni þar sem áhersla var lögð á hvernig við getum nýtt matinn betur og bauðst starfsfólki að taka þátt í matreiðslunámskeiði með þeirri yfirskrift.



HLUTFALL PRENTVÆNNAR ÞJÓNUSTU



# REKSTUR Í JAFNVÆGI

Jafnvægi hefur verið náð í rekstri stofnunarinnar.

Heildarvelta Umhverfisstofnunar er samkvæmt uppgjöri fyrir árið 2014 um 1.215 milljónir króna. Sértekjur stofnunarinnar eru um 207 milljónir króna, markaðar tekjur eru um 182 milljónir króna og aðrar rekstrartekjur eru um 27 milljónir króna.

Gjöld stofnunarinnar skiptast þannig að laun og launatengd gjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn eða um 47,5%. Þar á eftir koma húsnæðiskostnaður, um 18,2%, tilfærslur sem voru 15,2% og aðkeypt þjónusta, 9,4%. Tilfærslur eru að langmestu leyti greiðslur til landeigenda vegna arðs af hreindýraveiðum, styrkir úr veiðikortasjóði og endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða.


Gjöld hækka nokkuð milli ára og skýrist það að mestu leyti af verðlagbreytingum og samningsbundnum launahækkunum. Ennfremur jukust greiðslur til landeigenda vegna hreindýraveiða þar sem fleiri veiðileyfi voru seld. Tekjur hækka einnig nokkuð milli ára og skýrist það m.a. af fleiri seldum hreindýraveiðileyfum og breytingum við innheimtu umframvinnu við starfsleyfagerð.

Geta ber þess að uppgjörið sýnir ekki raunsanna mynd af stöðu stofnunarinnar að því leyti að höfuðstóll sem fluttur er milli ára inniheldur ýmis verkefni sem frestað hefur verið þó svo fjárveitingar


til þeirra séu að nokkru komnar fram. Má þar m.a. nefna 11 milljónir króna vegna undirbúnings byggingar gestastofu í Snæfellsjökulspjóðgarði, 20 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Hornstrandastofu og 16 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Látrastofu.



Á meðfylgjandi skífuritum má sjá skiptingu gjalda ársins 2014 á rekstrarliði Umhverfisstofnunar og skiptingu tekna eftir tegundum þeirra.



Hátt hlutfall húsnæðiskostnaðar af rekstri stofnunarinnar skýrist að því að í tegundarklyki Fjársýslu ríkisins er ýmis framkvæmdakostnaður vegna friðlýstra svæða flokkaður með húsnæðiskostnaði. Raunkostnaður vegna húsnæðis er um 132,7 m.kr. eða um 10,9% af rekstri stofnunarinnar.



# REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2014

	2014	2013
<b>TEKJUR: (þús. kr.)</b>		
Sértekjur	207,163,499	165,730,309
Markaðar tekjur	182,004,221	179,583,940
Aðrar rekstrartekjur	27,407,207	33,867,248
<b>Tekjur samtals</b>	<b>416,574,927</b>	<b>379,181,497</b>

## GJÖLD:

Laun og launatengd gjöld	577,339,569	567,351,267
Ferða- og fundakostnaður	52,963,909	56,474,026
Rekstrarvörur	30,079,789	28,434,329
Aðkeypt þjónusta	114,762,320	189,158,545
Húsnæðiskostnaður	221,063,317	161,573,074
Bifreiðakostnaður	15,014,527	9,309,941
Tilfærslur	185,203,141	163,239,622
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>1,196,426,572</b>	<b>1,175,540,804</b>

Eignakaup	16,850,608	24,393,421
<b>Gjöld samtals</b>	<b>1,213,277,180</b>	<b>1,199,934,225</b>
Fjármagnsgjöld	1,773,323	2,683,337
<b>Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir fjárheimild</b>	<b>-798,475,576</b>	<b>-823,436,065</b>
Framlag ríkissjóðs	879,200,000	960,500,000
<b>Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins</b>	<b>80,724,424</b>	<b>137,063,935</b>

## Höfuðstóll í árslok

Fjárheimild flutt frá fyrra ári	85,900,788	-8,498,281
Fjárheimild flutt yfir á næsta ár	166,625,212	85,900,788

# SKÝR STEFNA



Í ársskýrslu gerum við upp  
hvernig gekk að ná þeim  
árangri sem að var stefnt.

Við settum okkur sex markmið sem endurspegla meginviðfangsefni okkar í umhverfismálum. Þau eru studd af tveimur markmiðum sem snúa annars vegar að samvinnu og verklagi og hins vegar að aðbúnaði til þess að ná árangri. Stefnan gildir frá árinu 2013 til 2017. Á hverju ári gerum við ársáætlun þar sem farið er yfir föst verkefni stofnunarinnar, fjölda þeirra, málshraðaviðmið og undir hvaða teymi

verkefnin heyra. Jafnframt er yfirlit yfir áhersluverkefni og gagnaskil á árinu auk rekstraráætlunar stofnunarinnar. Í ársáætlun setjum við fram á hvern hátt við munum vinna að þeim meginmarkmiðum sem við höfum sett okkur og í ársskýrslu gerum við upp hvernig gekk að ná þeim árangri sem að var stefnt. Hér á eftir er farið yfir hvert og eitt markmið og þann árangur sem náðist á árinu.

VIÐ VILJUM HREINT LOFT HVAR  
SEM ER Á LANDINU. LOFTGÆÐI  
VERÐA AÐ STANDAST KRÖFUR Á  
LANDSVÍSU OG ALÞJÓÐAMÆLIKVARÐA.  
ÍSLENDINGAR EIGA AÐ UPPFYLLA  
ALÞJÓÐLEGAR SKYLDUR SÍNAR Í  
LOFTSLAGSMÁLUM. UPPLÝSINGAR UM  
LOFTGÆÐI OG LOFTSLAGSMÁL VERÐA  
AÐGENGILEGAR ÖLLUM.

# MARKMIÐ

# 1



# HREINT LOFT OG TAKMÖRKUN GRÓÐURHÚSAÁHRIFA

## LOFTGÆÐI VERÐA AÐ STANDAST KRÖFUR Á LANDSVÍSU OG ALÞJÓÐAMÆLIKVARÐA.



Umhverfisstofnun,  
í samstarfi við  
Sóttvarnalækni og  
Almannavarnardeild  
ríkislögreglustjóra, gaf út  
leiðbeiningar um viðbrögð  
við SO<sub>2</sub> mengun



Árið 2014 einkenndist að verulegu leyti af gosinu í Holuhrauni sem hófst í lok ágústmánaðar og stóð yfir í 5 mánuði eða til loka febrúar 2015. Fljótlega varð ljóst að með gosinu fylgdu lofttegundir sem gætu haft veruleg áhrif á mannlíf og náttúru landsins enda sýndu mælingar að gosið hefði t.a.m. áhrif á loftgæði í Reykjavík og Ísafirði og jafnvel út fyrir landsteinana. Fyrst og fremst var um að ræða efnasambandið SO<sub>2</sub> eða brennisteinsdíoxíð sem í miklum styrk er sýnilegt sem bláleit móða. Austfirðir allir fundu greinilega fyrir þessari mengun og mældust mjög há gildi á vöktunarstöðvum stofnunarinnar á Austfjörðum. Umhverfisstofnun, í samstarfi við Sóttvarnalækni og Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, gaf út leiðbeiningar um viðbrögð við SO<sub>2</sub> mengun og tölur um styrk mengunarinnar voru birtar jafn harðan á vefsíðu stofnunarinnar loftgæði. is. Veðurstofa Íslands gaf einnig út gasdreifingarspá fyrir landið allt. Fulltrúar Umhverfisstofnunar sátu þá fundi vísindamannaráðs almannavarna en fyrstu vikur gossins voru daglegir fundir í ráðinu. Í fyrstu voru nýttir tiltækir loftgæðamælar nálægt gosinu en fljótt varð ljóst að fjölga þyrfti mælum og var komið á landspekjandi

kerfi loftgæðamæla. Þegar mest var mældu um 70 mælar á landinu sem mældu styrk SO<sub>2</sub> í andrúmslofti.

Í mars 2014 úthlutaði stofnunin endurgjaldslausum losunarheimildum með gróðurhúsalofttegundir fyrir árin 2013 og 2014 til rekstraraðila í iðnaði sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Byggir úthlutunin á sögulegri starfsemi og árangursviðmiði sem umhverfisráðherra setur með reglugerð. Fimm rekstraraðilar fengu úthlutað heimildum samtals að verðmæti 2.950 milljóna króna. Losunarheimildunum er ætlað að standa straum af losun gróðurhúsalofttegunda frá viðkomandi rekstri og voru það Alcan á Íslandi hf, Alcoa Fjarðarálf sf, Norðurál á Grundartanga ehf, Elkem Ísland og Fiskimjölsværsmiðja Loðnuvinnslunnar hf á Fáskrúðsfirði sem var úthlutað fyrrnefndum heimildum og gilda heimildirnar til ársins 2020. Rekstraraðilum sem og öðrum er heimilt að eiga viðskipti með losunarheimildir.

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	MÁLS- TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Yfirferð skýrsla vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum starfsstöðvum í iðnaði	5	5	5	0	9	9	9	Loftmengunarteymi	60
Afgreiðsla umsókna um losunarleyfi vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	4	0	3	0	5	5	2	Loftmengunarteymi	-
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna staðbundina starfsstöðva í iðnaði				4	5	4	4	Loftmengunarteymi	
Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs	10	0	0	0	0	0	2	Loftmengunarteymi	-
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna flugs	20	34	30	41	1	2	0	Loftmengunarteymi	-
Yfirferð losunarskýrsla vegna flugs	100	33	30	31	0	0	8	Loftmengunarteymi	-
Útreikningur og/eða úhlutun losunarheimilda	25	7	7	0	5	10	13	Loftmengunarteymi	-
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	50	17	20	27	5	4	2	Loftmengunarteymi	-



## KÖFNUNAREFNIÐÍOXÍÐ (NO<sub>2</sub>) Á GRENSÁSVEGI, ÁRSMEÐALTAL

Styrkur NO<sub>2</sub> á Grensásvegi hefur verið mældur frá 1995. NO<sub>2</sub> kemur frá útblæstri bíla og hefur styrkur þess farið töluvert lækkandi.


## SVIFRYK (PM10) Á GRENSÁSVEGI, REYKJAVÍK - ÁRSMEÐALTAL

Styrkur svifryks hefur einnig minnkað en ekki í sama hlutfalli og NO<sub>2</sub>. Svifryk kemur aðallega frá umferð.



Í mars 2014 úthlutaði stofnunin endurgjaldslausum losunarheimildum með gróðurhúsalofttegundir fyrir árin 2013 og 2014 til rekstraraðila í iðnaði sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.

## NETTÓLOSUN GHJL EFTIR FLOKKUM (ÞÚS. TONN CO<sub>2</sub> GILDI)



EKKI ER BÚIÐ AÐ SETJA INN TÖLUR FYRIR LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTEGUNDA VEGNA TAFI VIÐ UPPSETNINGU HJÁ LOFTSLAGSSAMNINGNUM.



Styrkur svifryks hefur minnkað en ekki í sama hlutfalli og NO<sub>2</sub>.

Ef skoðuð er nettólosun gróðurhúsalofttegunda frá 1990 til 2012 sést að losun hefur hægt og sígandi verið að aukast.

### Þróun

Umhverfisstofnun fylgist með losun mengandi efna út í andrúmsloftið, m.a. frá iðnaði, samgöngum, landbúnaði og úrgangsvinnslu, en aukin losun mengandi efna hefur áhrif á umhverfi okkar og heilsu. Til að fylgjast með þessari þróun hefur Umhverfisstofnun valið nokkra umhverfis- og árangursvísa sem gefa til kynna hvert stefnir.


Ef skoðuð er nettólosun gróðurhúsalofttegunda frá 1990 til 2012 sést að losun hefur hægt og sígandi verið að aukast. Losunin var 3.410 þús. tonn árið 1990 en var komin upp í 4.271 þús. tonn CO<sub>2</sub> ígjilda árið 2012. Ef skoðaðar eru tölur um styrk CO<sub>2</sub> á Stórhöfða sést einnig að styrkur þess í andrúmslofti hefur hækkað stöðugt frá árinu 1992 þegar mælingar hófust á Stórhöfða. Tölur um meðalárshita

í Stykkishólmi segja einnig sömu sögu. Ársmeðalhiti fer hækkanandi og hefur hækkað um rúma gráðu frá því mælingar hófust um 1830. Styrkur NO<sub>2</sub> á Grensásvegi hefur verið mældur frá 1995. NO<sub>2</sub> kemur frá útblæstri bíla og hefur styrkur þess farið töluvert lækkandi. Það að styrkur þess minnki þrátt fyrir aukna umferð skýrist af bættum mengunarvarnabúnaði í bílum. Styrkur svifryks hefur einnig minnkað en ekki í sama hlutfalli og NO<sub>2</sub>.

VIÐ VERNDUM LÍFRÍKI OG JARÐMINJAR  
FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐIR. VIÐ VILJUM  
KOMA Á NETI VERNDARSVÆÐA OG  
VINNA AÐ GERÐ VERNDARÁÆTLANA  
FYRIR FRIDLÝST SVÆÐI Á LANDINU.  
EFTIRLIT OG UMSJÓN MEÐ FRIDLÝSTUM  
SVÆÐUM VERÐUR EFLT. HEFTA ÞARF  
ÚTBREIÐSLU FRAMANDI ÁGENGRA  
TEGUNDA.

# MARKMIÐ

# 2





# VERNDUN NÁTTÚRU OG LÍFFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNÍ

## UMHVERFISSTOFNUN HEFUR M.A. ÞAÐ HLUTVERK AÐ VINNA VERNDARÁÆTLANIR FYRIR FRIÐLÝST SVÆÐI Á ÍSLANDI.



Þrjú svæði voru friðlýst á árinu 2014, en það voru fólkvangurinn Garðahraun, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar í Garðabæ, náttúruvættið Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár sem einnig er í Garðabæ og fólkvangurinn Bringur í Mosfellsbæ.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með yfir 100 friðlýstum svæðum á Íslandi, þ.á. m. Þjóðgarðinum Snæfellsjökli en þar hefur þjónusta við ferðamenn verið stóraukin. Á árinu var rekstur Vatnshellis boðinn út, en hellirinn er nú að verða einn fjölsóttasti staður þjóðgarðsins. Vatnshellir var gerður aðgengilegur almenningi í þeim tilgangi að vernda hann, kynna hella og hellavernd og um leið að hvetja fólk til góðrar umgengni um hella og náttúru landsins.

Undanfarin ár hafa stjórnvöld lagt áherslu á að efla ferðapjónustu á hverjum árstíma undir kjörorðinu „Ísland allt árið“. Ferðapjónustan á Vesturlandi og Snæfellsbær hafa einnig lagt áherslu á að auka ferðapjónustu á veturna, í takt við stefnu stjórnvalda. Til að mæta auknum straumi ferðamanna yfir vetrarmánuðina var ákveðið í febrúar 2014 að gestastofa þjóðgarðsins yrði opin allan ársins hring en áður hafði hún verið opin frá 20. maí til 10. september.

Á árinu 2014 var unnið að gerð deiliskipulags fyrir náttúruvættið Dynjanda. Markmið með deiliskipulaginu er að tryggja verndun náttúru- og menningarmínja á svæðinu

ásamt því að bæta aðgengi og auka öryggi ferðamanna.



Umhverfisstofnun hefur m.a. það hlutverk að vinna verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði á Íslandi. Á árinu 2014 voru unnar verndaráætlanir fyrir friðlýstu svæðin Hverfjall (Hverfell), Dyrhólaey og Surtsey. Með gerð verndaráætlauna fyrir friðlýst svæði er mörkuð stefna um verndun og aðgerðir til verndunar til lengri tíma.

Umhverfisstofnun, í samvinnu við Vestmannaeyjabæ, opnaði nýja sýningu um Surtsey í Eldheimum í Vestmannaeyjabæ. Sýningin er hin glæsilegasta en hægt er að fara um safnið með hljóðleiðsögn á 4 tungumálum.

Þrjú svæði voru friðlýst á árinu 2014, en það voru fólkvangurinn Garðahraun, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar í Garðabæ, náttúruvættið Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár sem einnig er í Garðabæ og fólkvangurinn Bringur í Mosfellsbæ. Fara umrædd sveitarfélög með daglega umsjón með þessum svæðum í samvinnu við Umhverfisstofnun.

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Friðlýsingar	5	3	5	4	1	3	2	Friðlýsingateymi	-
Ársfundur náttúruverndarnefnda	0	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingateymi	-
Skýrsla um friðlýsingar	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingateymi	-
Verndar- og stjórnunaráætlanir	0	0	0	0	8	5	7	Friðlýsingateymi	-
Landvarðanámsskeið (hvert námskeið 110 klst.)	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæðateymi	-
Fjöldi sjálfbæðaliðavikna	480	444	400	493	400	412	400	Náttúrusvæðateymi	-
Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega	6	19	20	9	10		20	Náttúrusvæðateymi	-
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæðateymi	-
Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum	15	18	20	8	12	9		Náttúrusvæðateymi	-
Útgefnir bæklingar	4	4	4	0	0	1	1	Náttúrusvæðateymi	-
Fjöldi landvörsluvikna	199	199	163	220	139	203	149	Náttúrusvæðateymi	-
Ástandsskýrsla - rauði listinn	0	0	1	1	1	1	1	Náttúrusvæðateymi	-
Fjöldi eftirlitsferða vegna leyfa á friðlýstum svæðum						26	36	Náttúrusvæðateymi	-
Fjöldi afgreiðslu leyfisumsókna á friðlýstum svæðum						53	60	Náttúrusvæðateymi	-
Skráning refa- og minkareikninga frá sveitarfélögum (fjöldi hreppa)	0	73	72	68	70	48	60	Veði- og verndarteymi	-



## FLATARMÁL ENDURHEIMTRA VOTLENDISSVÆÐA 1994-2014

Ef skoðuð er þróun í flatarmáli endurheimtra votlendissvæða sést að töluverður árangur hefur náðst. Heldur hefur hægst á þeirri þróun frá árinu 2011.


## HAFERNIR - ÓÐUL Í ÁBÚÐ

Áframhaldandi aukning í fjölda óðala í ábúð eftir að stofn náði lágmarki á fyrri hluta síðustu aldar. Við álitsgjöf og leyfisveitingar beitir Umhverfisstofnun sér fyrir vernd arnarstofnsins.



Á árinu 2010 voru 10 svæði á rauðum lista en 8 svæði á appelsínugulum en litur þeirra segir til um alvarleika ástandsins. Árið 2014 voru rauðlituðu svæðin orðin 5 en appelsínugulu svæðin 16 og fer þeim því áfram fjölgandi.

## FJÖLDI LANDVARÐA- OG SJÁLFBÓÐALIÐAVIKNA




Fjöldi landvarðavikna hefur verið svipaður undanfarin 3 ár en landvarðavikum fækkaði verulega milli árana 2010 og 2011. Skýringu á þessu má leita til kröfu ríkisstjórnarinnar um aðhald í opinberum rekstri. Fjöldi sjálfbóðaliðavikna hefur fækkað um 229 vikur frá árinu 2011, þ.e. úr 640 vikum í 411. Skýringu má rekja til bæði breyttra aðstæðna hjá erlendum samstarfsaðilum stofnunarinnar sem og aðhaldi í rekstri.

Friðlýst svæði eru mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn og hefur fjölgun ferðamanna nú þegar haft töluverð áhrif á náttúru landsins.

## FJÖLDI OG FLATARMÁL FRÍÐLÝSTRA SVÆÐA 1960-2014.

Fjöldi friðlýstra svæða hefur aukist jafnt og þétt síðan 1970 og er nú svo komið að á Íslandi eru 114 friðlýst svæði sem þekja um 2.070.000 ha landsvæðis, eða sem nemur um 20% af flatarmáli Íslands.




Umhverfisstofnun hefur bent á nauðsyn þess að byggja upp innviði friðlýstra svæða en einnig er nauðsynlegt að fjölga landvörðum á þessum svæðum sem starfa árið um kring.

### Þróun

Friðlýst svæði eru mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn og hefur fjölgun ferðamanna nú þegar haft töluverð áhrif á náttúru landsins. Umhverfisstofnun hefur síðan 2010 gefið út lista annað hvert ár yfir þau svæði sem eiga á hættu á að missa verndargildi sitt vegna ágangs ferðamanna eða hafa nú þegar misst það að einhverju leyti. Á árinu 2010 voru 10 svæði á rauðum lista en 8 svæði á appelsínugulum en litur þeirra segir til um alvarleika ástandsins. Árið 2012 voru 6 svæði á rauðum lista en svæðum á appelsínugulum lista fjölgaði í 14. Árið 2014 voru rauðlituðu svæðin orðin 5 en appelsínugulu svæðin 16 og fer þeim því áfram fjölgandi.

Margar ástæður kunna að vera fyrir þessari þróun en eftir að fyrsti listi stofnunarinnar var gefinn út var brugðist vel við og bætt var við fjármagni til að sporna gegn þessari þróun. Því hefur svæðum á listanum þar sem ástand er alvarlegt fækkað en mörg svæði bæst við appelsínugula listann sem gefur til kynna að fleiri svæði nálgast hættumörk og bregðast þarf við með aðgerðum. Umhverfisstofnun hefur bent á nauðsyn þess að byggja þ upp innviði friðlýstra svæða en einnig er nauðsynlegt að fjölga landvörðum á þessum svæðum sem starfa árið um kring, en þeir hafa m.a. eftirlit með ástandi svæða og sjá um að fræða og leiðbeina gestum. Er þeirra hlutverk að verða sífellt mikilvægara í ljósi þess að Ísland er að skapa sér stöðu sem ferðamannaland árið um kring.



VIÐ VILJUM AÐ ALLT VATN Á ÍSLANDI  
UPPFYLLI GÆÐAMARKMIÐ UM  
HREINLEIKA OG LÍFVÆNLEIKA. HAFIÐ  
UMHVERFIS LANDIÐ ÞARF AÐ VERA  
HREINT. ÞÁ VILJUM VIÐ AÐ ÍSLAND SÉ  
LEIÐANDI Á ALÞJÓÐAVÍSU Í VÖRNUM  
GEGN MENGUN SJÁVAR ENDA VIRÐIR  
MENGUN EKKI LANDAMÆRI.

# MARKMIÐ

# 3

# HREINT HAF OG VATN

## MENGUN VIRÐIR ENGIN LANDAMÆRI. ÍSLAND Á MIKILLA HAGSMUNA AÐ GÆTA GAGNVART MENGUNARSLYSUM Á SJÓ.



Vinna Umhverfisstofnunar við gerð vatnaáætlunar hefur tafist töluvert þar sem fjármagn til málaflokksins hefur verið af skornum skammti.

Á árinu 2014 var undirrituð áætlun um viðbrögð við bráðamengun utan hafna og notkun skipaafdrepa. Áætlunin fjallar um hvernig eigi að bregðast á við þegar óhöpp verða á sjó er varða skip í efnahagslögsögu Íslands sem ógna siglingaöryggi eða hætta er á að valdi umhverfisstjóni. Áætlunin er hugsuð sem sameiginlegt stjórnæki Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu og er ætlað að tryggja fumlaut verklag og framkvæmd viðbragða vegna bráðamengunar.

Umhverfisstofnun hefur nú í þrjú ár tekið þátt í Hátíð hafsins og var stofnunin með sýningu í tjaldi í Grandagarði við sjóminjasafnið Víkina. Að þessu sinni bar sýning stofnunarinnar heitið Fjörulallar og var boðið upp á fræðslu fyrir fjölskylduna um það sem finna má á fjörugöngu og fleira sem tengist hafinu.

Umhverfisstofnun stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um plast í hafi í Hörpu þann 24. september 2014. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að leggja til aðgerðir til að draga úr plastúrgangi í hafinu. Vitað er að plastúrgangur í hafinu hefur neikvæð áhrif á auðlindir hafsins og á sjávarútveg, svo og á nýtingu strandsvæða fyrir almenning og ferðaþjónustu. Nauðsynlegt er að draga úr þessum áhrifum enda geta eiturefni sem fyrirfinnast í plastinu eða sitja utan á því átt greiða leið inn í vistkerfið og þar með í fæðukeðjuna.

Þrjú stór skipströnd urðu við strendur Íslands á árinu 2014. Þann 17. júlí strandaði Kristina EA á siglingu út af Grundarfirði, þann 6. september strandaði Akrafell við Vattarnes í mynni Reyðarfjarðar og þann 17. september strandaði Green Freezer við miðjan Fáskrúðsfjörð. Var aðgerðaráætlun Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu virkjuð í öllum tilvikum sem og viðbragðsáætlun Umhverfisstofnunar en betur fór en á horfðist, þar sem mengun varð óveruleg í öllum tilvikum og tókst að ná skipum til hafnar innan fárra daga. Ljóst var að aðgerðaráætlunin stóðst sína eldskírni sem og innri viðbragðsáætlun stofnunarinnar.


Vinna Umhverfisstofnunar við gerð vatnaáætlunar hefur tafist töluvert þar sem fjármagn til málaflokksins hefur verið af skornum skammti. Árið 2014 var unnið að gerð vöktunaráætlunar fyrir vatnasvæði og mun hún fara í umsagnarferli á fyrri part ársins 2015.



Þrjú stór skipströnd urðu við Íslandsstrendur á árinu 2014.


## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Leyfi fyrir varpi í hafið	4	4	2	17	3	8	5	Haf- og vatnsteymi	30
Samþykki fyrir lagningu sæstregja	1	1	1	0	0	1	0	Haf- og vatnsteymi	-
Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs	0	50	15	17	3	2	10	Haf- og vatnsteymi	-
Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna	0	0	2	0	1		1	Haf- og vatnsteymi	-



## PCB Í ÞORSKLIFUR (MÍKRÓGRÖMM Í KÍLÓ)

PCB er samnefni fyrir efnisflokk sem inniheldur á um annað hundrað efna sem notuð voru í iðnaði, t.a.m. sem mýkingarefni í plast. Hætt var framleiðslu efnanna undir lok sjöunda áratugarins og hefur framleiðsla þeirra verið bönnuð.



## KADMÍN Í ÞORSKLIFUR


Kadmín getur verið skaðlegt þó í litlu magni sé og haft áhrif á heilastarfsemi í fósturum og ungvíði. Kadmín safnast fyrir í lífverum, t.d. í lifur og nýrum.



Niðurstöður rannsókna benda til þess að styrkur PCB fari minnkandi í náttúrunni.



PCB er samnefni fyrir efnisflokk sem inniheldur á um annað hundrað efna sem notuð voru í iðnaði, t.a.m. sem mýkingarefni í plast. Hætt var framleiðslu efnanna undir lok sjöunda áratugarins og hefur framleiðsla þeirra verið bönnuð.



PCB telst til þrávirkra efna sem brotna hægt niður í náttúruunni og safnast upp í fæðukeðjunni.

## Mælingar á magni kadmíns í þorsklifur gefa til kynna að styrkur þess hafi aukist frá árinu 1991.

### Þróun

Magn PCB og Kadmín í þorsklifur eru tveir af umhverfisvísimum Umhverfisstofnunar sem segir til um ástand hafsins. Um er að ræða vöktun sem staðið hafa nær óslitið frá 1989 á þungmálmum og þrávirkum efnum auk stoðmælinga í kræklingi og þorski. Tilgangurinn er að fylgjast með breytingu á styrk þessa mengandi efna í lífríki hafsins óháð uppsprettu, meta hvort aðgerða sé þörf og ekki síst hvort aðgerðir, bæði innlendir og alþjóðlegar, sem gripið hefur verið til hafi skilað árangri. Þetta eru ein mikilvægustu og samfelldustu gögn um ástand og þróun mengunarefna á Íslandsmiðum sem til eru. PCB er samnefni fyrir efnisflokk sem inniheldur á um annað hundrað efna sem notuð voru í iðnaði, t.a.m. sem mýkingarefni í plast. Hætt var framleiðslu efnanna undir lok sjöunda áratugarins og hefur framleiðsla þeirra verið bönnuð. PCB teljast til þrávirkra efna sem brotna hægt niður í náttúruunni og safnast upp í fæðukeðjunni. Kadmín (Cd) er frumefni, málmur sem telst til þungmálma og er t.d.

notaður í tengslum við framleiðslu tilbúins áburðar. Kadmín getur verið skaðlegt þó í litlu magni sé og haft áhrif á heilastarfsemi í fósturum og ungi. Kadmín safnast fyrir í lífverum, t.d. í lifur og nýrum.

Niðurstöður liggja aðeins fyrir til ársins 2010. Búið er að taka sýni fyrir árin 2013-2014 en ekki liggja fyrir niðurstöður vegna fjárskorts.

Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir varpi í hafið og lagningu sæstrengja. Fjöldi mála árið 2014 voru 7 og var meðalmálshraði 27 dagar. Þetta eru nokkuð færri mál en komu til kastanna árið 2013 en þá var fjöldi mála 14 og meðal málshraði 45 daga. Það er því ljóst að stofnunin er að auka málshraða vegna afgreiðslu leyfisveitinga vegna varps í hafið.

VIÐ VILJUM SKAPA HEILNÆMT UMHVERFI  
FYRIR ALLA OG LÁGMARKA ÁHRIF SKAÐLEGRA  
EFNA Á LÍFRÍKI OG HEILSU MANNA. TRYGGJA  
AÐ Á MARKAÐI SÉU EKKI EFNI EÐA VÖRUR SEM  
INNIHALDA SKAÐLEG EFNI. VIÐ STUÐLUM AÐ  
ÞVÍ AÐ FRAMLEIÐENDUR SÉU MEÐVITAÐIR UM  
SKYLDUR SÍNAR OG ALMENNINGUR UPPLÝSTUR  
UM RÉTT SINN. VIÐ VINNUM AÐ BÆTTRI  
HOLLUSTUVERND MEÐ SAMRÆMINGU OG Í  
SAMSTARFI VIÐ HEILBRIGÐISNEFNDIR.

# MARKMIÐ

# 4



# HEILNÆMT UMHVERFI

## Á árinu voru 125 nýjar Evrópugerðir rýndar og skrifuð drög að innleiðingarreglugerðum.



Opnuð var heimasíða um kortlagningu hávaða á vefsetri stofnunarinnar.



Kynning og fræðsla leika stórt hlutverk á þessum vettvangi.

Í byrjun árs 2014 tók efnateymi Umhverfisstofnunar við markaðseftirliti með efnunum og efnablöndum. Á árinu var unnið að fjölbreyttum eftirlitsverkefnum skv. áætlun og verkferlar mótaðir. Íslensk löggjöf um efnamál byggir á löggjöf Evrópusambandsins og fylgir Ísland stefnu sambandsins. Á árinu voru 125 nýjar Evrópugerðir rýndar og skrifuð drög að innleiðingarreglugerðum. Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt Eftirlitsáætlun 2014-2016 og var átta eftirlitsverkefnum sinnt á árinu.

Kynning og fræðsla leika stórt hlutverk á þessum vettvangi. Á hverju ári heldur efnateymið fundi til að kynna breytingar á lögum og reglugerðum fyrir önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila og voru níu kynningarfundir haldnir árið 2014. Þá var á árinu unnið með Landbúnaðarháskólanum að námskeiði um meðferð varnarefna, sem ætlað er þeim sem hyggjast gerast ábyrgðarmenn með markaðssetningu varnarefna eða nota varnarefni í landbúnaði, garðyrkju og við eyðingu meindýra. Einnig var gerð könnun á þekkingu iðnaðar og verslunar á þeim kröfum sem gerðar eru til markaðssetningar efnavara. Þar kom m.a. fram að 70% þátttakenda þekka reglur um flokkun, merkingu og umbúðir efna og


efnablandna (CLP) ágætlega, frekar eða mjög vel sem og skyldur fyrirtækja er varða samantekt og afhendingu öryggisblaða.

Í ágúst koma Geert Dancet, forstjóri Efnastofnunar Evrópu, í heimsókn til Íslands og ræddi framkvæmd efnalöggjafarinnar hér á landi með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, auk fulltrúa annarra eftirlitsstjórnvalda.

Á árinu var gefinn út bæklingur um innloft, raka og myglu. Gæði innlofts eru mjög mikilvæg, þar sem við verjum um 90% af tíma okkar innandyrna. Um er að ræða leiðbeiningar fyrir almenning og eru þær byggðar á útgefnu efni frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) og systurstofnunum í Evrópu og Bandaríkjunum. Einnig var gefinn út bæklingur um losun ferðasalerna og var honum dreift á helstu þjónustumiðstöðvar landsins. Opnuð var heimasíða um kortlagningu hávaða á vefsetri stofnunarinnar. Markmiðið er að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða. Slysaskráningareyðublöð fyrir grunn- og leikskóla, íþróttahús og sundlaugar voru uppfærð í tengslum við að framkvæmd ákvæða um áhættumat á sund- og baðstöðum sem tók gildi 1. júlí 2014.

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRADI
Starfsréttindaleyfi meindýraeyða og garðaúðara	46	38	45	12	0			Efnateymi	20
Notendaleyfi				0	120	82	42	Efnateymi	
Umsagnir um undanþágu frá skráningu varnarefnis	20	5	5	22	0			Efnateymi	7
Umsagnir um skráningu varnarefnis	10	28	30	19	0			Efnateymi	60
Umsagnir um söluleyfi eitur- og varnarefna	13	7	0	5	0			Efnateymi	
Veiting tímabundinnar skráningar fyrir plöntuvarnarefni	0	0	35	47	25	75	0	Efnateymi	
Veiting markaðsleyfa fyrir plöntuvarnarefni	0	0	3	0	0	0	0	Efnateymi	
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi skv. nýrri reglugerð			0	0	8	0	3	Efnateymi	
Umsagnir til að kaupa og nota varnarefni (XA-leyfi)	20	31	45	12	0			Efnateymi	
Útgáfa á markaðsleyfum fyrir sæfiefni	10	6	6	0	4	2	3	Efnateymi	90



## INNFLUTNINGUR VARNAREFNA Í HEILDINA

Heildarinnflutningur varnarefna sveiflast nokkuð milli ára en langsamlega mest er flutt inn af illgæisiseyðum. Skýringin á þessum sveiflum er að talsvert er um að vörur séu aðeins fluttar inn annað hvert ár eða sjaldnar og þá jafnvel nokkurra ára birgðir í senn.

## EFNI OG EFNABLÖNDUR

Efni, efnablöndur og hlutir sem innihalda efni eru allt í kringum okkur. Um efnin og notkun þeirra gilda ákveðnar reglur til þess að draga eftir föngum úr þeirri áhættu sem fylgir notkun þeirra. Umhverfisstofnun vill skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Til að ná því markmiði þarf skýra verkferla og skilvirkt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að ólöglegar efnavörur komist á markað héraðs. Lögð er áhersla á verkefni sem stuðla að neytenda- og umhverfisvernd og hafa það að markmiði að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu. Þetta er gert með setningu og framkvæmd nýrra reglugerða, eftirliti með aðilum efst í aðfangakeðjunni, eftirliti með hættulegum og leyfisskyldum eignum og góðri upplýsingagjöf til annarra stjórnvalda, iðnaðar og almennings.



## Nokkur aukning varð á fjölda umsagnarbeiðna til stofnunarinnar vegna undanþága milli áráanna 2013 og 2014.

### Loftmengun innanhúss

Vó verjum stórum hluta ævinnar innanhúss. Í innlofti geta verið mengunarefni í miklum mæli sem geta haft slæm áhrif á heilau.



**1 / Tóbaksreykur**  
Getur haft slæm áhrif á þá sem þjást af andanarfarfarsjúkdómum (þ.s. astma), ert augu, valdið hófuverki, hósta, særnidum í háli og lungnkrabbameini.

**2 / Ofnæmisvaldar (þ.m.t. frjókom)**  
Getu skalið andanarfarfarsvandamál og valdið hósta, brjóstþyngslum og andanarferfaleikum, ert augu og valdið útbrotum á húð.

**3 / Koldíoxíð (CO) og niturdíoxíð (NO<sub>x</sub>)**  
Koldíoxíð getur verið brennt, ef styrkur þess er mikill, og valdið hófuverki, svima og ogleði. Niturdíoxíð getur ert augu og háli og valdið mæð og sýkingum í andanarfarum.

**4 / Raki**  
Mergar og fjölbreyttar tegundir baktería, sveppa og moggja geta vaxið og fjölgað sér innanhúss ef nægur raki er fyrir hendi. Áhrif frá þessum lífverum geta valdið andanarfarfarsjúkdómum, eins og ofnæmi og astma, og haft áhrif á ónæmiskerfið.

**5 / Efni**  
Viss (þemísk) efni sem eru notuð í trenuæfni, gólfefni og í húsgögnum geta haft skaðleg áhrif á lífur, nýru og taugakerfi og valdið krabbameini. Áð svaki geta þau valdið hófuverki, ogleði og ertingu í augum, nefi og háli.

**6 / Radon**  
Radon er geislavirk loftsgund sem getur verið að finna í grunnvatni. Lítið radon er á íslenskum heimilum, þar sem það hefur mæst hefur það í flestum tilfallum verið langt undir viðmiðunarmörku. Innöndun getur skaðað lungu og valdið lungnkrabbameini.

Á árinu var gefinn út bæklingur um inniloft, raka og myglu. Gæði innlofts eru mjög mikilvæg, þar sem við verjum um 90% af tíma okkar innandýra.



Markmiðið er að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða.

## Í samanburði við nágrannalönd okkar í Evrópu er notkun á plöntuverndarvörum hér á landi afar lítil.

### Þróun

Árlega eru fluttar til landsins um 30-40 mismunandi plöntuverndarvörur sem innihalda 25-30 mismunandi virk efni. Heildarinnflutningur 2011-2014 nemur frá rúmlega 2 tonnum upp í u.þ.b. 4 tonn af virku efni á ári og langsamlega mest er flutt inn af illgresiseyði. Heildarmagn sveiflast nokkuð á milli ára og helsta skýringin á því er að talsvert er um að vörur séu aðeins fluttar inn annað hvert ár eða sjaldnar og þá nokkurra ára birgðir í senn.


Í samanburði við nágrannalönd okkar í Evrópu er notkun á plöntuverndarvörum hér á landi afar lítil. Það sést til dæmis þegar skoðaðar eru upplýsingar frá Matvælastofnun Sameinuðu Þjóðanna (FAO) um notkun á plöntuverndarvörum í landbúnaði. Á Íslandi nemur áætluð notkun á plöntuverndarvörum í landbúnaði 0,043 kg af virku efni á hvern hektara ræktaðs lands, í Noregi er sambærileg tala 0,84 kg/ha, í Svíþjóð 0,75 kg/ha og í Danmörku 1,6 kg/ha.

Stofnanir og fyrirtæki og önnur starfsemi, sem er starfsleyfis skyld skv. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, geta sótt um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til ráðherra, er varðar hollustuhætti. Nokkur aukning varð á fjölda umsagnarbeiðna til stofnunarinnar vegna undanþága milli árána 2013 og 2014, og er það til marks um að reglur séu ekki nægjanlega skýrar og nákvæmar. Átta beiðnir komu árið 2013 en fjölgaði í 17 árið 2014. Fjölgun beiðna um umsagnir gaf stofnuninni tilefni til að skilgreina ársáætlunarverkefni 2015, um nánari afmarkanir við umsóknir um undanþágu frá starfsleyfi. Flestar undanþágubeiðnir varða fjarlægðarreglu fyrir eldihús alifugla, loðdýra og svína sbr. 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Búist er við að beiðnum um undanþágur vegna fyrrgreindra eldihúsa muni fækka en reglugerð um eldihúsin er í vinnslu hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem m.a. er litið til evrópskra reglna og samráð haft við hagsmunaaðila með það að leiðarljósi að skýra reglur.

VIÐ VILJUM STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRRI OG SKILVIRKRI NÝTINGU AUÐLINDA, S.S. HRÁEFNA, JARÐEFNA, VILLTRA DÝRASTOFNA, ORKU OG FERÐAMANNASTAÐA. VIÐ MUNUM HALDA AUÐLINDABÓKHALD. DRAGA ÞARF ÚR MYNDUN ÚRGANGS OG EFLA ÚRGANGSSTJÓRNUN MEÐ AUKINNI FLOKKUN, ENDURVINNSLU OG ENDURNÝTINGU ENDA ER ÚRGANGUR VERÐMÆTT HRÁEFNI. VIÐ VILJUM DRAGA ÚR NEIKVÆÐUM ÁHRIFUM ÚRGANGS Á UMHVERFI OG HEILSU MANNA.

# MARKMIÐ

# 5



# SJÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA

## Á ÁRINU 2014 VANN STOFNUNIN M.A. DRÖG AÐ ÁÆTLUN UM ÚRGANGSFORVARNIR, SAMAN GEGN SÓUN, SEM ÁÆTLAÐ ER AÐ UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ GEFI ÚT Á ÁRINU 2015.



Nýtt fyrirkomulag við endurgreiðslu vegna refaveiða var tekið upp á árinu.


Stofnunin sér um stjórn hreindýraveiða og annast sölu hreindýraveiðileyfa. Kvóti ársins 2014 var 1277 dýr, 657 kýr og 620 tarfar. Alls bárust 3.570 gildar umsóknir og var dregið úr innsendum umsóknum í beinni útsendingu á netinu. Þeim leyfum sem ekki eru greidd á staðfestingargjaldaga og lokagjaldaga er endurúthlutað. Þar sem mi kill fjöldi leyfa var ógreiddur eftir lokagjaldaga 30. júní skapaðist vandamál að endurúthluta þeim leyfum þegar svo nærri var komið veiðitíma. Af þeim sökum var enn um 40 dýrum óráðstafað þegar veiðitíma lauk. Til að sporna gegn því að þessi staða komi upp aftur og til að auðvelda endurúthlutun lagði stofnunin til að greiðsla fyrir hreindýraveiðileyfi verði greidd framvegis mun fyrr og í einni greiðslu. Á undanföllum árum hafa hreindýrin verið

að færa sig til norðurs og var því ákveðið að stækka veiðisvæði eitt og bæta við Langanesbyggð, Svalbarðshrepp og gamla Fjallahrepp sem nú er hluti Norðurþings.

Nýtt fyrirkomulag við endurgreiðslu vegna refaveiða var tekið upp á árinu. Stofnunin vann nýja Landsáætlun um refaveiðar 2014-2016 og 56 sveitarfélög sendu inn áætlanir um refaveiðar til næstu þriggja ára. Endurgreiðslur vegna refaveiða námu á bilinu 10-30% af útlögðum kostnaði sveitarfélaganna, en í því sambandi var m.a. horft til íbúafjölda og stærðar sveitarfélaga. Gerðir voru þriggja ára samningar við sveitarfélögin. Óbreytt fyrirkomulag var við endurgreiðslu vegna minkaveiða.


## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	6	8	8	9	7	5	8	Eftirlitsteymi	-
Leyfi til urðunar á sóttmenguðum dýraúrgangi	15	9	10	18	2	16	16	Neytendateymi	3
Útgefin Svansleyfi	4	7	7	3	3	3	3	Neytendateymi	30
Endurvottun Svansleyfi					9	0	19	Neytendateymi	15
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa		20	18	18	18	25	25	Neytendateymi	15
Leyfi til að mynda á friðlýstum svæðum	15	20	20	33	35	19	25	Umsagna- og leyfisteymi	-
Leyfisveitingar til framkvæmda á friðlýstum svæðum	45	68	70	29	40	27	30	Umsagna- og leyfisteymi	90
Eftirlit með framkvæmdum á friðlýstum svæðum	45	35	45		30			Umsagna- og leyfisteymi	-
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	2	5	6	2	3	2	4	Umsagna- og leyfisteymi	-
Fjöldi skotvopnanámskeiða (fjöldi þátttakenda)	28 (700)	22 (650)	24 (650)	23 (701)	24 (650)	24 (614)	24 (650)	Veiði- og verndarteymi	-
Fjöldi veiðinámskeiða (fjöldi þátttakenda)	28 (700)	22 (650)	24 (650)	23 (666)	24 (650)	24 (683)	24 (650)	Veiði- og verndarteymi	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	2	0	1	0	1	0	1	Veiði- og verndarteymi	-
Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs	0	89%	95%	92%	95%	92%	92%	Veiði- og verndarteymi	-
Móttaka og skráning á veiðiskýrslna	13000	11065	12000	11715	12000	12270	12000	Veiði- og verndarteymi	40
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	4000	4327	4000	3610	4000	3602	4000	Veiði- og verndarteymi	3
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	100	90	30	5	5	1	5	Veiði- og verndarteymi	5 - 7
Útgefin veiðikort	12000	11896	12000	12065	12000	11985	12000	Veiði- og verndarteymi	15
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiði	1009	997	1229	1195	1277	1237	1412	Veiði- og verndarteymi	-
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	21	12	15	19	20	20	20	Veiði- og verndarteymi	15
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga	26	36	40	18	20	20	20	Veiði- og verndarteymi	14
CITES leyfisveitingar	30	26	26	31	30	39	30	Veiði- og verndarteymi	-
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	2	1	1	0	2	3	2	Veiði- og verndarteymi	
Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum	5	4	3	1	3	2	3	Veiði- og verndarteymi	
Umsagnir um undanþágur varðandi skotvopn		16		14	12	32	32	Veiði- og verndarteymi	



### MAGN ÚRGANGS EFTIR UPPRUNA KG/ÍBÚA

Á árunum fram til 2008 jókst magn úrgangs en samfara hruni íslenska efnahagskerfisins dróst verulega úr myndun úrgangs.




### MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS (1000 TONN)

Frá árinu 2005 hefur dregið nokkuð jafnt og þétt úr urðun hér á landi á sama tíma og endurnýting úrgangs hefur aukist. Þetta er jákvæð þróun og stuðlar að minni frumhráefna notkun.



Á árinu var birting veiðitalna á heimasíðu stofnunarinnar færð í nútímalegra og aðgengilegra horf.


### FELD HREINDÝR 2003-2014



HEILDARVEIÐI HREINDÝRA. KÁLFAR ERU INNI Í ÞESSUM TÖLUM.



Sama fyrirkomulag var á rjúpnaveiðum árið 2014 eins og 2013 eða 12 dagar, þ.e. fjórar þriggja daga helgar.



Stefnt er að því að hver veiðimaður fái sitt eigið svæði á heimasíðunni, svokallaðar Mínar síður.

## VEIÐITÖLUR RJÚPU OG SVARTFUGLS

Sama fyrirkomulag var á rjúpnaveiðum árið 2014 eins og 2013 eða 12 dagar, þ.e. fjórar þriggja daga helgar. Veður var veiðimönnum nokkuð óhagstætt þessar helgar, en þrátt fyrir það sýna fyrstu tölur veiðiskýrslna að þeir veiðmenn sem veiddu rjúpur fóru að meðaltali jafn marga daga til veiða og fyrri ár eða um 3,6 daga hver.

Markmið með úrgangsstjórnun er að draga úr myndun úrgangs. Á árinu 2014 vann stofnunin drög að áætlun um úrgangsförvarnir, Saman gegn sóun, sem áætlað er að umhverfis- og auðlindaráðuneytið gefi út á árinu 2015. Á árinu var lögum um úrgang breytt, bætt var inn nýjum hugtökum, t.d. úrgangsförvörnum og með lagabreytingunum er komið nýtt umhverfi í málaflokknum. Ísland var með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni sl. ár og voru m.a. tvö verkefni tengd því unnin á vegum stofnunarinnar. Annars vegar ráðstefna um plastúrgang í hafi, þar sem farið var yfir stöðu mála og rætt um leiðir til að koma í veg fyrir að plastúrgangur lendi í sjónum. Í tengslum við formennskuna var einnig hrundið af stað norrænu verkefni um að meta magn lífræns úrgangs sem fellur til á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi og meta leiðir til auka nýtingu hans í grænni nýsköpun.


## Þróun

Á árinu var birting veiðitalna á heimasíðu stofnunarinnar færð í nútímalegra og aðgengilegra horf. Þar má nú sjá hverja veiðitegund fyrir sig í línuriti og einnig samanburð tveggja eða fleiri tegunda. Þetta er liður í að bæta þjónustu við veiðimenn en á árinu var hafin vinna við að gera umsóknir og afgreiðslu veiðikorta aðgengilegri. Stefnt er að því að hver veiðimaður fái sitt eigið svæði á heimasíðunni, svokallaðar Mínar síður. Í gegnum þær fá veiðimenn betra aðgengi og upplýsingar um hvar umsókn er stödd í kerfinu á hverjum tíma. Jafnframt er boðið upp á rafræn veiðikort þannig að veiðimaður geti fengið veiðikortið sitt í snjallsíma eða prentað það út, en með því móti fær hann kortið afgreitt um leið og hann hefur skilað inn skýrslu og greitt fyrir veiðikortið. Mínar síður bjóða upp á mikla möguleika í bættri þjónustu en tefnt er á að umsóknir um hreindýraveiðileyfi fari líka þar í gegn og að sveitarfélög geti skilað þar inn skýrslum og reikningum vegna refa- og minkaveiða.

VIÐ VILJUM TAKA SKREF Í ÁTT AÐ GRÆNU SAMFÉLAGI  
MEÐ ÁHERSLU Á GRÆNA NÝSKÖPUN. AUKA  
ÞARF VISTVÆN INNKAUP HJÁ STOFNUNUM OG  
FYRIRTÆKJUM OG HLUT UMHVERFISMERKTRAR  
VÖRU Í INNKAUPUM ALMENNINGS. VIÐ UPPLÝSUM  
ALMENNING OG FYRIRTÆKI UM LEIÐIR TIL AÐ DRAGA  
ÚR NEIKVÆÐUM UMHVERFISÁHRIFUM. VIÐ VILJUM  
AUKA VITUND ALMENNINGS UM TENGL LÝÐHEILSU  
OG ÚTIVISTAR. VIÐ VEITUM UPPLÝSINGAR TIL  
ALMENNINGS UM ÁSTAND UMHVERFISINS.

# MARKMIÐ

# 6





# GRÆNT SAMFÉLAG

## VIÐ UPPLÝSUM ALMENNING OG FYRIRTÆKI UM LEIÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR NEIKVÆÐUM UMHVERFISÁHRIFUM.



Íslensk fyrirtæki geta lagt sitt af mörkum til að auka úrval af umhverfsvottuðum vörum og þjónustu á markaði með því að ganga í Innkaupanetið.



Samstarf Norðurlandanna um Svaninn hefur verið farsælt og verið fyrirmynd umhverfismerkjanna um allan heim.

Svanurinn og Svansvottuð fyrirtæki hafa frá því norræna umhverfismerkið Svanurinn var stofnað lyft grettistaki í að auka úrval af umhverfsvænum vörum og þjónustu á markaði og efla um leið umhverfisvitund almennings. Á afmælisárinu 2014 bættust þrjú íslensk fyrirtæki í ört stækkandi hóp Svansfyrirtækja, en það voru ræstingarfyrirtækin Bónbræður, Allt hreint og Hótel Fljótshlíð. Í dag eru sjö hótel og farfluglaheimili með Svaninn, sjö ræstingarfyrirtæki, tíu prentsmiðjur, þrjú fyrirtæki í veitingarekstri og eitt iðnaðarhreisiefni. Vilji fyrirtæki staðfesta metnað sinn og framsýni í umhverfsmálum geta þau þannig sótt um og fengið Svaninn, að uppfylltum ströngum kröfum.


Samstarf Norðurlandanna um Svaninn hefur verið farsælt og verið fyrirmynd umhverfismerkjanna um allan heim. Haldin var norræn vinnustofa á Íslandi síðastliðið haust þar sem reynt var að sjá fyrir næstu 25 ár Svansins. Þar tóku þátt m.a. fulltrúar frá norrænu ráðherranefndinni, hagsmunasamtökum atvinnulífsins, verslun og iðnaði og fulltrúar ungra neytenda. Þátttakendur voru sammála um að Svanurinn stæði sterkum fótum sem eitt af virtustu og áreiðanlegustu umhverfismerkjum heims og að Svanurinn gæti nýst við að takast á við umhverfisvandamál framtíðarinnar.

Niðurstöður vinnustofunnar gáfu til kynna að mikilvægt er að hafa stöðu Svansins í huga í alþjóðavæddu samfélagi þar sem tækniþróun er hröð og þörf fyrir sveigjanleika er mikil. Með farteskið fullt af reynslu og hugann fullan af möguleikum heldur Svanurinn sterkur inn í næstu 25 ár.

Íslensk fyrirtæki geta lagt sitt af mörkum til að auka úrval af umhverfsvottuðum vörum og þjónustu á markaði með því að ganga í Innkaupanetið sem er nýtt verkefni Umhverfisstofnunar. Innkaupanetið fór af stað í lok árs 2014 en meðlimir netsins skuldbinda sig til að kaupa umhverfsvottaða vöru og þjónustu þegar þess er kostur og óska eftir umhverfsvottuðu hjá sínum birgjum. Þannig auka fyrirtæki Innkaupanetsins eftirspurn og úrval af vöru og þjónustu, öllu samfélaginu til góða. Félagar í Innkaupanetinu eru níu talsins, N1, Orkuveitan, Landsvirkjun, Toyota, Alcoa Fjarðarál, Verkís, Íslenska gámafélagið, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun. Sambærileg Innkaupanet hafa verið starfrækt á Norðurlöndunum og haft góð áhrif á markaðinn sem hefur svarað með auknu úrvali á vörum og þjónustu með minni umhverfisáhrifum.


## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	70	51	50	53	50	52	50	Eftirlitsteymi	
Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi		8	7	9	8	9	8	Eftirlitsteymi	-
Umsóknir um Svansleyfi	10	4	5	5	5	5	5	Neytendateymi	-
Yfirferð árskýrslna leyfishafa Svansins	17	17	24	20	25	16	6	Neytendateymi	-
Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins	16	16	24	18	23	7	6	Neytendateymi	-
Viðbótareftirlitsferðir Svansins				5	0	0	0	Neytendateymi	-



## FJÖLDI FYRIRTÆKJA MEÐ GRÆNT BÓKHALD

Grænt bókhald veitir almenningi og stjórnvöldum upplýsingar á tölulegu formi, um hvernig umhverfismálum er háttað í starfssemi sem getur haft í för með sér mengun. Stærri mengandi starfssemi er skylt að skila grænu bókhaldi en annarri starfssemi er það einnig heimilt.




## SVANSLEYFAFJÖLDI Á ÍSLANDI

25 ár eru síðan Svanurinn var stofnaður en íslenskum Svansleyfishöfum hefur fjölgað lang mest á síðustu fimm árum. Íslensk fyrirtæki leggja æ meira upp úr því að sinna samfélagslegri ábyrgð sinni með því að reka öflugt umhverfisstarf og draga úr umhverfisáhrifum sinnar starfssemi.



Umhverfisstofnun tók við verkefninu Græn skref í ríkisrekstri í lok ársins og vann jafnframt að því að uppfylla þau hjá stofnuninni, með það að markmiði að klára öll fimm skrefin.

## HVERSU MARGIR ÞEKKJA SVANSMERKIÐ?



EKKI VAR GERÐ KÖNNUN Á ÞEKKINGU ALMENNINGS Á SVANSMERKINU Á ÁRINU 2014.



Vilji fyrirtæki staðfesta metnað sinn og framsýni í umhverfismálum geta þau sótt um og fengið Svaninn.

Græn skref í ríkisrekstri eru hvatakerfi fyrir allar framsæknar og ábyrgar stofnanir ríkisins til að auka umhverfisvitund starfsmanna og draga úr umhverfisáhrifum af rekstri.

### Þróun

Í stefnu ríkisins um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur (2013-2016) er lögð áhersla á að ríkisstofnanir vinni að því að minnka umhverfisáhrif daglegs reksturs og að stofnanir njóti aðstoðar á þeirri vegferð. Stýrihópur um vistvæn innkaup ákvað að taka upp vel heppnað verkefni Reykjavíkurborgar Græn skref og aðlaga að ríkisrekstri enda einföld og aðgengileg leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum. Græn skref í ríkisrekstri eru hvatakerfi fyrir allar framsæknar og ábyrgar stofnanir ríkisins til að auka umhverfisvitund starfsmanna og draga úr umhverfisáhrifum af rekstri. Umhverfisstofnun tók við verkefninu Græn skref í ríkisrekstri í lok ársins og vann jafnframt að því að uppfylla þau hjá stofnuninni, með það að markmiði að klára öll fimm skrefin. Samhliða þessu mun Umhverfisstofnun fylgja á eftir markmiðum um að auka þátttöku stofnana í að halda og skila grænu bókhaldi. Meginmarkmið með grænu bókhaldi er að fá yfirsýn yfir magntölur í rekstri, sem eru forsenda þess að draga úr sóun og stuðla að hagræðingu með umhverfissjónarmið í forgrunni.




Innkaupanetið fór af stað í lok árs 2014 en meðlimir netsins skuldbinda sig til að kaupa umhverfsvottaða vöru og þjónustu

VIÐ VILJUM TRYGGJA BÆTTA FRAMKVÆMD LAGA OG  
REGLNA Á UMHVERFISSVIÐI MEÐ MARKVISSARA  
EFTIRLITI OG EFTIRFYLGNI. ÁHERSLA VERÐUR Á  
SAMVINNU VIÐ HAGSMUNAAÐILA OG BÆTTA ÞJÓNUSTU.  
JÁKVÆÐAR OG HVETJANDI AÐGERÐIR NOTAÐAR TIL  
AÐ FÁ ATVINNULÍF OG SVEITARFÉLÖG TIL AÐ SINNA  
SÍNUM SKYLDUM AF ÁBYRGÐ. BEITUM OKKUR FYRIR  
SAMÞÆTTINGU UMHVERFISSJÓNARMÍÐA Í ÖLLUM  
GEIRUM SAMFÉLAGSINS. HÖLDUM Á LOFTI HAGSMUNUM  
UMHVERFIS OG NÁTTÚRU VIÐ OPINBERA STEFNUMÓTUN.

# MARKMIÐ

# 7



# SAMÞÆTTING OG EFTIRFYLGNI

## ÁHERSLA VERÐUR Á SAMVINNU VIÐ HAGSMUNAAÐILA OG BÆTTA ÞJÓNUSTU.



Um 200 umsögnum um skipulagsáætlanir er skilað til sveitarfélaga árlega.

Umhverfisstofnun veitir ótal álit á ári hverju. Um 200 umsögnum um skipulagsáætlanir er skilað til sveitarfélaga árlega. Markmið umsagnanna er að draga úr neikvæðu álagi framkvæmda á náttúruna. Gerð var úttekt á árangri með því að yfirfara umsagnir stofnunarinnar um sex aðalskipulagsáætlanir og niðurstöðu sveitarfélags um viðkomandi áætlun. Úttektin leiddi í ljós að ekki er bein fylgni milli umfangs röskunar og þess hversu mikið mið er tekið af ábendingum stofnunarinnar. Ljóst er að umfangsmiklar framkvæmdir eru gjarnan talsverðan tíma í undirbúningi áður en þær birtast í skipulagsáætlunum. Telur stofnunin því mikilvægt að umhverfissjónarmið séu samþætt strax í upphafi stefnumótunar um auðlindanýtingu.

Umhverfisstofnun hefur frá árinu 2008 eftirlit sitt og bætt verklag hvað það varðar. Árið 2011 var fyrsta heila árið þar sem allar þær breytingar voru komnar til framkvæmda. Frávik eru betur skráð, þeim er fylgt eftir og þvingunarúrræðum beitt eftir atvikum. Þá hefur fyrirvaralausum eftirlitsferðum verið fjölgað. Árið 2014 var komið að þeim tímamarki að horfa á málin frá öðrum sjónarhóli, þ.e. að benda á það sem vel er gert í mengunarvörnum. Lokið var við verkefni sem varðar endurskoðun á tíðni eftirlits í samræmi við áhættumat. Byggt er á aðferðafræði sem þróuð hefur verið á vettvangi IMPEL (samstarf stofnana í Evrópu um innleiðingu og eftirfylgni umhverfislöggjafar). Haldið var námskeið í áhættumati fyrir alla eftirlitsmenn stofnunarinnar og heilbrigðisfulltrúum boðið að taka þátt. Í janúar var tekin ákvörðun um fækkun eftirlitsferða hjá fyrirtæki sem hafði verið frávíkalaust árum saman. Síðar á árinu var sett upp áhættumiðuð eftirlitsáætlun til þriggja ára fyrir fyrirtæki með yfir 20 starfsstöðvar sem dreifðar eru um landið. Fyrirtækið hefur tekið upp umhverfisstjórnunarkerfi sem dregur úr umhverfisáhættu að mati stofnunarinnar. Vakin hefur verið athygli á þeim íslensku fyrirtækjum sem tekið hafa upp





Íbúar eiga rétt á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri þegar um er að ræða stórar ákvarðanir um umhverfismál.

Íbúar eiga rétt á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri þegar um er að ræða stórar ákvarðanir um umhverfismál. Almennt er vel mætt á íbúafundi sem Umhverfisstofnun stendur fyrir, s.s. varðandi starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi, og góðar ábendingar koma fram. Þeir fundir sem voru einna fjölmennastir á árinu 2014 voru kynningarfundur um nýtt starfsleyfi fyrir Sorpu bs og fundur um áhrif flúors í Reyðarfirði.

### Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Tillögur að reglugerðum	19	18	16	18	15	16	15	Eftirlitsteymi	-
Greiningar á EES - gerðum	65	90	66	142	100	164	120	Eftirlitsteymi	-
Mengunarvarnareftirlit	143	150	160	138	150	131	108	Eftirlitsteymi	-
Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunar-varnaeftirlits	0	43	35	46	40	24	30	Eftirlitsteymi	-
Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp	35	39	32	24	30	18	15	Umsagna- og leyfisteymi	-
Umsagnir vegna stjórnslukæra	10	5	6	1	3	3	2	Umsagna- og leyfisteymi	14
Mat á umhverfisáhrifum	37	35	45	55	50	44	50	Umsagna- og leyfisteymi	15-21
Umsagnir um skipulagsáætlanir	110	119	120	203	210	185	215	Umsagna- og leyfisteymi	43
Starfsleyfi - útgöfin	20	12	18	6	15	15	12	Umsagna- og leyfisteymi	180
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	31	20	15	25	25	14	20	Umsagna- og leyfisteymi	14



## MEÐALTAL FRÁVIKA 2011 - 2014

Eins og gert var ráð fyrir í ársskýrslu fyrir árið 2013 heldur frávikum áfram að fækka í mengandi starfsemi og hefur þeim nú fækkað um 60% frá árinu 2011. Stefna stofnunarinnar um birtingu frávika er hér talin hafa talsverð áhrif.


## FJÖLDI ÁMINNINGA Í KJÖLFAR EFTIRLITS

Áminningar árið 2014 eru nokkru fleiri en árði 2013 sem skýrist að verulegu leyti af seinkun í vinnslu mála frá 2013 og að hluti áætlaða rekstraraðila um úrbætur árin 2012 og 2013 stóðust ekki.



Undanfarin ár hafa útgefin starfsleyfi verið 10 að meðaltali og erfitt hefur reynst að standast viðmið um málshraða.

## ÚTSTREYMI DÍOXÍNS Á ÍSLANDI (G I-TEQ)



Losun díoxíns hefur dregist saman um 90% frá árinu 1990.



Á síðustu þremur árum hafa verið teknar ákvarðanir um lokun 12 smærra urðunarstaða.

## Umhverfisstofnun fagnar þessum árangri fyrirtækja á Íslandi og að frávikum í mengandi starfsemi fækkar.

umhverfisstjórnunarkerfi á heimasíðu stofnunarinnar. Ennfremur er nú sérstök athygli vakin á þeim fyrirtækjum sem eru frávikalaus í lok árs með sérstöku merki á heimasíðu stofnunarinnar:

Þessi útfærsla er niðurstaða verkefnis sem unnið var í samráði við Samtök atvinnulífsins sem mæltu með einfaldri nálgun. Ekki er því um að ræða stigskipt kerfi eins og dæmi eru um úr neytendavernd.

### Þróun

Útgefin starfsleyfi voru 15 árið 2014 í samræmi við áætlun. Undanfarin ár hafa útgefin starfsleyfi verið 10 að meðaltali og erfitt hefur reynst að standast viðmið um málshraða. Sérstakt teymi vinnur nú að starfsleyfisgerð og verkefnum sem varða mat á umhverfisáhrifum o.fl. Breytt verkefnadreifing og skipulag sem felur í sér stöðuga forgangsröðun getur þannig leitt til meiri skilvirkni. Á síðustu þremur árum hafa verið teknar ákvarðanir um lokun 12 smærra urðunarstaða. Leiðir þessi þróun af strangari reglum um urðun úrgangs en markmið stjórnvalda er að draga úr magni úrgangs til urðunar og umhverfisálagi vegna förgunar úrgangs.

Eftirlitsferðir voru lítið eitt færri en áætlaðar voru fyrir árið 2014, m.a. vegna ákvarðana um fækkun eftirlitsferða að beiðni fyrirtækja sem hafa verið frávikalaus að undanförunu og/eða hafa tekið upp

umhverfisstjórnunarkerfi. Frávikum sem fylgt er eftir í kjölfar eftirlits fækkar áfram. Umhverfisstofnun fagnar þessum árangri fyrirtækja á Íslandi og að frávikum í mengandi starfsemi fækkar. Í færri frávikum felst bætt stjórnun umhverfisáhrifa. Markviss stjórnun umhverfisáhrifa er til þess fallin að styrkja rekstur að öðru leyti þar sem hvort tveggja kallar á skipulögð vinnubrögð. Auk þess leiðir þessi árangur til markvissari nýtingu auðlinda. Í skýrslu Umhverfisstofnunar Evrópu um ástand og horfur í umhverfismálum 2015 kemur fram að dregið hefur úr losun iðnaðar í Evrópu á mengunarefnum og gróðurhúsalofttegundum frá árinu 1990 á meðan efnahagsleg skilvirkni atvinnugreina hefur aukist. Einnig kemur fram að þrátt fyrir umbætur sé iðnaður ennþá ábyrgur fyrir umtalsverðri losun loftmengunarefna og gróðurhúsalofttegunda í Evrópu.

Reglugerðum og tilskipunum sem varða umhverfisvernd fer enn fjölgandi á vettvangi samnings um evrópskt efnahagssvæði. Greiningar sem Umhverfisstofnun sendi frá sér á síðasta ári voru 164, enn eitt árið umfram áætlun sem þýðir að 3 greiningar eru sendar að jafnaði á viku. Reglur á sviði efnamála eru fyrirferðarmesti málaflokkurinn.

VIÐ VILJUM STARFA Í ÖFLUGRI STOFNUN ÞAR SEM SKIPULAG, ÞEKKING, TÆKI OG TÓL ERU TIL STAÐAR TIL AÐ VEITA LANDSMÖNNUM GÓÐA ÞJÓNUSTU. VIÐ VILJUM GETA SINNT SKYLDUM OKKAR OG VERKEFNUM Í ÁTT AÐ SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN. VIÐ STUÐLUM AÐ ÞVÍ AÐ VERA EFTIRSÓTTUR VINNUSTAÐUR SEM VIÐ ERUM STOLT AF OG ERUM FREMST Á OKKAR SVIÐI. VIÐ NOTUM GAGNSÆ OG ÖGUÐ VINNUBRÖGÐ OG LEGGJUM ÁHERSLU Á AÐ VINNA MEÐ FÓLKI.

**MARKMIÐ**

**8**





# LEIÐANDI STOFNUN

## VIÐ STUÐLUM AÐ ÞVÍ AÐ VERA EFTIRSÓTTUR VINNUSTAÐUR SEM VIÐ ERUM STOLT AF OG ERUM FREMST Á OKKAR SVIÐI.



Næstu skref eru að taka ákvörðun um gerð sértæks farsímavefs fyrir stofnunina.



Samráð og samvinna eru hugtök sem standa stofnunni nær og á árinu voru haldnir fjölmargir samráðs- og samstarfsfundir.

Á árinu var sett fram ný upplýsinga-tæknistefna Umhverfisstofnunar. Unnið var eftir henni og teknar ákvarðanir um að uppfæra málaskrárkerfið í GoPro.net og kaupa Office 365 fyrir allar útstöðvar.

Samhliða aukinni notkun og útbreiðslu snjallsíma og fartölva hefur eftirspurn og framboð á sérhæfðum vefsíðum fyrir slík tæki aukist. Umhverfisstofnun heldur úti mjög umfangsmiklum vef sem er aðgengilegur á tölvur en hefur ekki sérstaka virkni fyrir smærri tölvur og tæki. Ljóst er að mismikil þörf er á því að bjóða upp á farsímaútgáfu af vef stofnunarinnar. Vefurinn er afar efnismikill í samanburði við önnur vefsvæði. Margir efnishlutar síðunnar eru lítið sóttir og minni þörf á að aðlaga þá fyrir farsíma en aðrir henta betur, t.d. veiðihluti, náttúruverndarhluti og grænn.is Næstu skref eru að taka ákvörðun um gerð sértæks farsímavefs fyrir stofnunina. Stofnunin mun leggja áherslu á að farsímavefnum myndi ekki fylgja aukin vinna við að viðhalda honum samhliða hefðbundnum vef heldur verði hann samþættur núverandi vef.

Umhverfisstofnun hefur sett sér málshraðaviðmið varðandi fjöldamörg afgreiðslumál. Í sumum tilvikum erum málshraðaviðmiðin lögbundin en í flestum hefur stofnunin sjálf sett sér þau. Markmiðið með setningu málshraðaviðmiða er að sá sem verið er að þjóna viti hversu langan tíma stofnunin taki í afgreiðslu málsins. Markmið stofnunarinnar er að 80 % mála séu afgreidd innan málshraðaviðmiða.

Stofnunin hlaut endurvottun á gæðakerfi sínu ISO 9001 og umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001 á árinu 2014. Slík úttekt og endurvottun þriðja aðila er nauðsynleg til að viðhalda gæðum starfsins og uppfylla metnað stofnunarinnar og starfsfólks hennar til góðra verka.



Samráð og samvinna eru hugtök sem standa stofnunni nær og á árinu voru haldnir fjölmargir samráðs- og samstarfsfundir með aðilum atvinnulífs og sveitarfélaga og umhverfis- og náttúruverndarsamtökum ásamt öðrum hagsmunahópum. Slíkt samráð er stofnuninni gríðarlega mikilvægt enda besta leiðin til að ná árangri í umhverfismálum.

Tilgangurinn er að bjóða upp á pappírslausa þjónustu og hafa öll eyðublöð rafræn og tengd við gagnagrunn. Umsóknarferli er tilbúið fyrir ýmis leyfi þar sem hægt er að vista umsóknir/eyðublöð. Stefnan er sett á að opna þessa þjónustugátt í mars/apríl 2015.

Í þeim tilgangi að draga úr pappírnotkun sótti stofnunin um rafræn skil til Þjóðskjalasafns á árinu og sett voru markmið um að fjölga fjarfundum í norrænu og alþjóðlegu samstarfi.

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2012	RAUNT. 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNT. 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUNT. 2014	ÁÆTLUN 2015	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Útgáfa ársskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	-
Útgáfuáætlun	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	-
Útgáfa umhverfisskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	-
Útgáfa ársáætlunar	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	-



## HLUTFALL LOKINNA VERKEFNA Á ÁRSÁÆTLUN

Stofnunin leggur ríka áherslu á að ná markmiði sínu um ljúka 80% verkefna á ársáætlun. Verkefni ársáætlunar eru áhersluverkefni þar sem lögð er áhersla á umbætur sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til þess að ná settum árangri. Það tókst að ljúka 83% þeirra verkefna sem sett voru á ársáætlun.

## HLUTFALL FLOKKAÐS OG ÓFLOKKAÐS ÚRGANGS HJÁ UMHVERFISSTOFNUN

Heildarmagn úrgangs á árinu 2014 var 4.288 kg sem er minnkun um 978 kg frá árinu áður. Á sama tíma fækkaði starfsmönnum um þrjá á árinu, en magn úrgangs á hvert ársverk lækkar milli ára úr 93 kg niður í 81 kg sem er 12,9% samdráttur. Það markmið að halda óflokkuðum úrgangi undir 10% á árinu 2014 náðist ekki en óflokkaður úrgangur var 10,24% og hækkaði úr 7,9% árið 2013.



**Heildarniðurstaðan er sú að traust og jákvæðni í garð stofnunarinnar er á uppleið og ánægja með þjónustu eykst.**

### Þróun

Umhverfisstofnun hefur frá árinu 2009 sett upp verkefnaáætlun fyrir hvert ár. Stofnunin setti sér það markmið að ljúka 80% af þeim verkefnum sem fara á ársáætlun. Það markmið náðist fyrir árið 2014 eða 84%.

Gagnagrunnur hefur verið settur upp til að halda utan um öll verkefni og með honum fæst góð yfirsýn yfir málaflokkana sem verkefni beinast að og þá starfsmenn sem eru ábyrgir. Þannig er hægt að tryggja að unnið sé með markvissum hætti að því að ná markmiðum stofnunarinnar og ábyrgðin dreifist sem jafnast á starfsmenn.

Umhverfisstofnun lét í fyrsta skipti gera viðhorfskönnun um stofnunina árið 2012. Meðal þeirra þátta sem stofnunin lét mæla voru jákvæðni/neikvæðni, traust, þjónustustig og þekking. Mælingin árið 2014 leiddi í ljós jákvæða þróun á þremur mælikvörðum af fjórum, þar sem þekking á verkefnum stofnunarinnar stóð í stað.

Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar jákvæðir í garð stofnunarinnar jókst úr 45% í 48,2% og hlutfallið minnkaði úr 12% í 9,1% meðal þeirra sem sögðust frekar eða mjög neikvæðir. Umhverfisstofnun er um eða yfir meðaltali allra þeirra stofnana/fyrirtækja sem hafa látið mæla sömu þætti. Stærstur hluti svarenda telur Umhverfisstofnun í meðallagi trausta/ótrausta eða um 56,4%. Þeir sem telja stofnunina mjög eða frekar trausta eru fleiri, um 33,4% og hækkar úr 28% frá 2013, en þeir sem telja hana frekar eða mjög ótrausta, um 10% sem er lækkun um 4% frá 2013. Einnig jókst ánægja með þjónustu stofnunarinnar en meðaltalið fyrir árið 2014 var 3,27 en var 3,06 árið 2012.

Heildarniðurstaðan er sú að traust og jákvæðni í garð stofnunarinnar er á uppleið og ánægja með þjónustu eykst.



**Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar jákvæðir í garð stofnunarinnar jókst úr 45% í 48,2% og hlutfallið minnkaði úr 12% í 9,1% meðal þeirra sem sögðust frekar eða mjög neikvæðir.**

## Verkefni

Málshraði Fjöldi mála Meðalmálshr. Minnsti Lengsti

### LEYFISVEITINGAR I

<b>Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun: Samtal</b>	180 dagar	15	461		
- Orkuviðnaður - starfsleyfi	180 dagar	0			
- Meðhöndlun og geymsla olíuefna - starfsleyfi	180 dagar	1	293		
- Málminnsla - starfsleyfi	180 dagar	2	698	354	687
- Jarðefnavinnsla - starfsleyfi	180 dagar	0			
- Efnaviðnaður - starfsleyfi	180 dagar	0			
- Meðhöndlun skólps og úrgangs - starfsleyfi	180 dagar	3	592	91	1104
- Efnavinnsla úr jurta- og dýrarikinu	180 dagar	7	466	53	797
- Búfjár- og dýrhald - starfsleyfi	180 dagar	2	386	234	304
Leyfi fyrir notkun erfðabreyttra lífvera	90 dagar	0			
Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum	30 dagar	20	33	0	114

### LEYFISVEITINGAR II

Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi sæfiefna	90 dagar	0			
Leyfi til leiðsögu á hreindýrasvæðum	40 dagar	1	100		
Leyfi fyrir varpi í hafid og lagningu sæstrengja	30 dagar	9	13	3	133
Leyfi fyrir myndatöku á friðlýstum svæðum og við hreiður fugla	15 dagar	37	17	0	90
Leyfi til að mynda villt dýr í náttúrunni		17	26	0	111
Flutningstilkynning úrgangs	30 dagar	23	32	12	109
Undanþága frá merkingu snyrtivara	30 dagar	0			

### LEYFISVEITINGAR III

Útgefin veiðikort	3 dagar	12074	Ekki til skr.		
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiða	5-7 dagar	1237	Ekki til skr.		
Endurnýjun leyfis til leiðsögu á hreindýrasvæðum	15 dagar	1	100		
Notendaleyfi fyrir garðaúðun og eyðingu meindýra	20 dagar	58	10	0	37
Innflutningsleyfi vegna CITES	15 dagar	10	16	1	83
Útflutningsleyfi og endurútflytningaleyfi vegna CITES	15 dagar	1	30		
Leyfi til urðunar dýrahreja	3 dagar	13	30	0	120
Leyfi fyrir skilakerfi raf- og rafeindatækjaúrgangs	15 dagar	3	69	17	109

### EFTIRLIT

Mengunarvarnaeftirlitsskýrsla með starfsleyfisskyldri starfsemi	45 dagar	140	61	0	274
Yfirferð skýrslna um losun koldíoxíðs	60 dagar	Ekki til skr.			

### ÖNNUR VERKEFNI

Fyrirspurnir um túlkun á lögum og reglugerðum	5/90 dagar	0			
Aðgangur að upplýsingum	7 dagar	15	20	0	141
Ráðningin í störf (að umsóknarfresti liðnum)	40 dagar	4	24	15	38
Rökstuðningur vegna synjunar starfs	14 dagar	16	7	1	11

### UMSAGNIR

Umsagnir um undanþágur laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum	14 dagar	2	42	35	49
Heimild til tollafgreiðslu leyfisskyldra efna og efnablandna	3 dagar	131	2	0	48
Umsagnir um undanþágur frá einstökum rg. settum skv. 4. og 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir	14 dagar	18	12	1	28
Umsagnir um stjórnsýslukæur	14 dagar	2	133	64	202
Umsagnir um aðalskipulag	42 dagar	46	29	4	56
Umsagnir um deiliskipulag	42 dagar	59	31	1	56
Umsagnir um svæðaskipulag	42 dagar	2	78	32	124
Aðrar umsagnir	42 dagar	4	14	3	20
Mat á umhverfisáhrifum	15 - 20 dagar	37	19	3	67
Umsögn um réttindi heilbrigðisfulltrúa	14 dagar	8	10	1	49
Umsögn um undanþágu á starfsleyfi	14 dagar	9	15	8	30
Umsögn um rannsóknarleyfi í íslenskri lögsögu	14 dagar	0			
Umsögn um rannsóknarleyfi á grundvelli l. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998	14 dagar	4	18	3	30
Umsögn um leyfi til leitar og rannsóknar- og vinnsluleyfi á grundvelli l. um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nr. 13/2001	14 dagar	0			

### EFNI OG EFNAVÖRUR

Umsagnir um undanþágur og notkun varnarefnis	7 dagar	4	62	9	105
Verkefni á ársáætlun		59 af 70	84%		
Málshraði ábendinga			9.2		



Meðalmálshraði erinda sem stofnuð voru í málakerfi stofnunarinnar á árinu minnkar um 30 daga frá árinu áður.



Heildarfjöldi erinda sem var lokað var á árinu jókst frá 2707 í 3179.



## UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Ísafjörður - Mývatn  
Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar